

EP Klar

RAKAGRUNNUR

EP Klar rakagrunnur er ætlaður á undirlag þar til að tryggja sig fyrrir undirliggjandi raka eða þar sem rakastig er of hátt til þessað leggja megi á það endanlegt gólfefni s.s. dúka, parket o.fl.

EP Klar rakagrunnur er framleiddur úr leysiefnalausum epoxy og er afhent í fyrirfram vigtuðum einingum (A+B) sem er tilbúið til blöndunar

Leiðbeiningar.

Undirbúningur:

Undirlagið skal vera hreint og laust við alla fitu. Ef um ilögn er að ræða, þarf hún að hafa nægan innri styrk til að ætlaður árangur náist.

Blöndunarhlutföll:

A hluti 2 kg B hluti 1 kg . Best er að nota vigt ef skipta þarf þakningu.

Blöndun:

Blanda skal saman A og B hluta. Hrærið vel með borvél í u.þ.b. 2 mín. Blandið ekki saman meira efni en hægt er að nota á ca 20 mín við 15 - 20°C.

Efnisnotkun:

Efnisnotkun fer eftir rakastigi og grófleika undirlagsins. Til viðmiðunar má nota eftirfarandi: 1 kg á 3-4 m² í heild

Ásetning:

EP Klar rakagrunninum skal rúllað á hreinan flötinn í tveim umferðum til að bestum árnagri sé náð. Efnið skal bera á þannig að efnið myndi jafna filmu á fletinum. Gæta skal að því að efnið filmi vel til þess að rakavörn efnisins sé tryggð. Best er að hella hluta af blönduðu efninu á flötinn og dreifa úr því þannig.

Pakkningar:

EP Klar rakagrunnur kemur í 7,5 kg setti.

Full hörðun:

3-4 dagar við 15 - 20°C

Þrif:

Verkfæri eru hreinsuð með Aceton eða Epoxy þynni.

Vinnuumhverfi: 0:5.

Varúð:

Varist að efnið komi á húð eða í augu. Dæmi um eiginleika við 20°C
Opnunartími: 15 mín.
Hámarks rakastig undirlags: 8%
Full hörðun: 3-4 dagar.
Lágmarkshiti: 5°C.
Brotþolsstyrkur: 80 N/mm².
Beygjuþolsstyrkur: 44 N/mm².
Togþolsstyrkur: Meiri en steinsteypu.

Varúð:

Ef undirlag er gróft eða lélegt, getur loft streymt upp í gegnum rakagrunnin, úr litlum götum eða holum, (pin holes). Gæta þarf sérstaklega að því við ásetningu hvort loftbólur myndast, því þá er komin leið fyrir raka í gegnum efnið. Gætið þess að ekki komi rof í filmuna, s.s. þurrkblettir, sprungur eða aðrir gallar í undirlagi. Hámarks rakastig er 8%, en það er ekki algilt. Aðstæður geta verið misjafnar og þarf því að meta aðstæður hverju sinni.

Ef frekari upplýsinga er þörf, þá leitið til söluaðila.



Stórhöfða 22 • 110 Reykjavík
Sími: 564 1740 • Fax: 534 1741
Netfang: golf@golflagnir.is